# Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014

## Ríkisfjármálaáætlun 2014-2017

### 1. október 2013

2014

# 1.
# Staða ríkissjóðs

2014

# Hallarekstur 2013

Halli ríkissjóðs á yfirstandandi ári stefnir í **31,1 mia.kr.** Gert var ráð fyrir einungis **3,7 mia.kr.** halla í fjárlögum 2013.

Almennar efnahagsforsendur hafa breyst frá því fjárlög voru samþykkt.

Í framhaldi er tekjuáætlunin fyrir árið 2013 lægri en áætlað var. Jafnframt hafa komið fram veikleikar á útgjaldahlið.

2014

# Hallarekstur 2013

- Lakari efnahaghorfur og minni umsvif í hagkerfinu (13,5 mia.kr.).
- Tekjur af eignasölu (4 mia.kr.) og arðgreiðslum (1 mia.kr.) skiluðu sér ekki.
- Veikleikar og ákvarðanir teknar um útgjöld eftir samþykkt fjárlaga (5 mia.kr.)
- Nýjar ákvarðanir á sumarþingi:
  - Tekjur af veiðigjöldum 3,2 mia.kr. lægri en áætlað var og virðisaukaskattur á gistiþjónustu er áfram í neðsta þrepi, 0,5 mia.kr.
  - Ný lög um aukin bótaréttindi örorku- og ellilífeyrisþega (1 mia.kr.).

# Árið 2014 að óbreyttu

- Án aðgerða í ríkisfjármálum hefði stefnt í um 27 mia.kr. halla árið 2014.
  - Samtals um **25 mia.kr.** hækkun útgjalda frá fjárlögum 2013 vegna skuldbindinga t.d. í tengslum við almannatryggingar og sjúkratryggingar, verkefna í fjárfestingaáætlun fjárlaga 2013, framkvæmdir á Bakka o.fl.
  - Ýmsir veikleikar á tekjuhlið 2013 hafa áhrif á tekjuhorfur 2014.
- Útlit fyrir viðvarandi halla út kjörtímabilið ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana.

2014

## Skuldir eru of háar

- Skuldaaukning vegna hallarekstrar síðustu ára verður nærri **400 mia.kr.** í lok árs 2013.
- Samanlagðar skuldir ríkissjóðs í lok árs 2013 verða um **1.500 mia.kr.** eða um 85% af VLF.

2014

# Skuldir eru of háar




2014

# Vaxtakostnaður er of hár

- Í fjárlögum 2013 voru vaxtagjöld áætluð um **85 mia.kr.**
- Frá 2010 höfum við greitt **50 mia.kr.** í vexti af lánum sem voru tekin til að endurfjármagna viðskiptabankanna (**11,3 mia.kr.** 2014).
- Halli undanfarinna ára hefur verið fjármagnaður með innlendri skuldabréfa-útgáfu og eru vaxtagjöld hátt í **30 mia.kr.** árlega vegna þessa.

2014

# Miklar óbeinar skuldbindingar

- Samhliða áætlun um niðurgreiðslu skulda þarf að útfæra áætlun um hvernig mæta skuli um **390 mia.kr.** skuldbindingum vegna lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna.
- B-deildirnar stefna að óbreyttu í þrot árið 2026 og þyrftu þá allt að **33 mia.kr.** árlega þegar allt er talið.
- Ríkisábyrgðir vegna ÍLS nema 940 mia.kr.
    - Ríkissjóður hefur lagt ÍLS til 46 mia.kr. frá árinu 2009.

2014

## Óviðunandi staða

2014

- Stöðvun skuldasöfnunar og jöfnuður í ríkisfjármálum er forsenda viðspyrnu.
- Skuldsettur ríkissjóður þolir engin áföll og hefur litla burði til að grípa til örvandi aðgerða ef á þarf að halda.
- Í upphafi efnahagskreppunnar 2008 skipti hagstæð skuldastaða ríkissjóðs höfuðmáli.
- Huga þarf að sölu eigna til að lækka skuldir.

# 2.
# Jafnvægi í ríkisfjármálum

2014

# Jafnvægi í ríkisfjármálum

- Markmið fjárlagafrumvarpsins 2014 er að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs.
  - Grípa til nauðsynlegra aðhaldsráðstafana.
  - Breikka skattstofna og lækka skatta.
  - Auka ráðstöfunartekjur heimila.
  - Örva atvinnulífið til aukinna umsvifa.

2014

## Aðhaldsráðstafanir

- Veltutengt aðhald ráðuneyta **3,6 mia.kr.** á árinu 2014 - 0,8% af veltu fjárlaga 2013.
- Sértækar aðhaldsaðgerðir **2,6 mia.kr.**
- Fallið frá nýlegum eða óhöfnum verkefnum **5,8 mia.kr.**
- Samanlagt **12 mia.kr.** lækkun útgjalda á árinu 2014.

2014

# Aðhaldsráðstafanir

| Í milljónum króna | Lækkun m.kr | Heildar-velta | Lækkun % |
|---|---|---|---|
| Samtals veltut. aðhaldsráðstafanir ................ | -3.583 | 477.389 | -0,8% |
| Sértækar aðhaldsaðgerðir ............................... | -2.595 | 477.389 | -0,5% |
| Fallið frá nýlegum verkefnum ........................ | -5.790 | 477.389 | -1,2% |
| **Samtals ......................................................** | **-11.968** | **477.389** | **-2,5%** |

2014

## Skattstofnar breikkaðir

- **Bankaskattur** hækkaður úr 0,041% í 0,145%.
- Áætlaðar tekjur á árinu 2014 eru **14,2 mia.kr.** (hækkar úr 1,1 mia.kr. 2013).
  - Þar af **11,3 mia.kr.** vegna **breikkunar skattstofnsins** sem frá og með áramótum **tekur einnig til fjármálafyrirtækja í slitameðferð.**

2014

# Skattar á fjármálafyrirtæki

- Almennur fjársýsluskattur lækkaður úr 6,75% í 4,5%. Tekjuáhrif á ríkissjóð til lækkunar um **1,1 mia.kr.**
- Nettóáhrif af breytingum á sköttum á fjármálafyrirtæki eru jákvæð um **13,2 mia.kr.**
- Tilfærsla á skattbyrði frá minni fjármálafyrirtækjum til stærri.

2014

# Endurskoðun skattkerfis

- Farið verður í **endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu** með það að markmiði að draga úr bili milli skattþrepa, fækka undanþágum og auka skilvirkni.
    - Áhersla lögð á samráð í undirbúningi.
    - Vörugjöld endurskoðuð.
- Úttekt á **skattumhverfi einstaklinga.**
    - Áhersla á einföldun og aukið gegnsæi.

2014

## Ráðstöfunartekjur heimilanna

- Skatthlutfallið í miðþrepi tekjuskattsins lækkað um **0,8%**, úr 25,8% í 25%
- Hækkun vaxta- og barnabóta framlengd.
- Frítekjumark barna hækkað úr 104.745 kr. í 180.000 kr.
- Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis - Allir vinna átakið framlengt.

2014

## Bleyjur og hærri greiðslur í fæðingarorlofi

- Einnota bleyjur færðar niður úr 25,5% í 7% þrep virðisaukaskatts.
  - Ætti að lækka verð á bleyjum um 14-15% og eykur ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna um nokkur þúsund á mánuði.
- Launaþak í fæðingarorlofi hækkað um 20.000 kr. í 370.000 kr. og verðlagshækkun á lágmarksgreiðslum.
  - Fallið frá lengingu fæðingarorlofs.

2014

# Vaxtatekjur og stimpilgjöld

- Frítekjumark fjármagnstekjuskatts vegna vaxtatekna einstaklinga hækkað úr **100.000 kr.** í **125.000** kr.
  - Aðgerðin felur í sér að heimilin halda eftir **200 m.kr.** á ári.
- Stimpilgjöld af lánsskjölum felld niður.
  - Greiðir fyrir endurfjármögnun.
  - Ný heildarlög.

2014

# Jákvæð áhrif á kaupmátt

- Samanlagt gætu breytingar á tekjuskatti einstaklinga, fjármagnstekjuskatti og virðisaukaskatti af bleyjum aukið kaupmátt ráðstöfunartekna um 0,5-0,6%.
- **Áhrif frumvarpsins í heild á kaupmátt ráðstöfunartekna eru til aukningar um 0,3%.**
  - Að teknu tilliti til verðlagsuppfærslu á krónutöluskatta og gjöld.

2014

## Dregið úr skerðingum bótaþega

- Aukin framlög til elli- og örorkulífeyrisþega auk félagslegrar aðstoðar, **5 mia.kr.**
- Hærri útgjöld vegna fjölgunar bótaþega og verðbóta, **3,4 mia.kr.**
- **Samanlagt mesta útgjaldaaukning í einstökum málaflokki frumvarpsins.**

2014

# Álögum létt af fyrirtækjum

- Tryggingagjald lækkað úr **7,34% í 7%.**
  - **0,1%** um áramót.
  - **0,1%** árið 2015.
  - **0,14%** árið 2016.
- Bein áhrif til lækkunar á útgjöldum fyrirtækja eru **3,8 mia.kr.** þegar breytingarnar eru komnar til framkvæmda að fullu.

2014

## Áhrif skattbreytinga á fyrirtæki

- Skattar lækka á öll fyrirtæki nema stærri fjármálafyrirtæki.
- Jákvæð áhrif á gang efnahagslífsins, ekki síst hjá vinnuaflsfrekum atvinnugreinum.
- Skapar svigrúm til fjárfestinga og kjarabóta til lengri tíma litið.

2014

## Aðrar ráðstafanir

- Skilmálar skuldabréfs sem gefið var út til styrkingar á eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands endurskoðaðir - vaxtagjöld lækka um **10,7 mia.kr.** frá forsendum fjárlaga 2013.
  - Eiginfjárstaða Seðlabankans er sterk og afkoman hefur verið jákvæð undanfarin ár.
- Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til nýrra laga um opinber fjármál á næstunni.

2014

# 3.
# Hallalaus fjárlög

2014

# Afgangur af heildarjöfnuði 2014

- Gert ráð fyrir afgangi af heildarjöfnuði sem nemur **0,5 mia.kr.** árið 2014.
- Skuldir ríkissjóðs fara undir **80%** af vergri landsframleiðslu á næsta ári.
- Markmiðið að skuldir lækki áfram sem hlutfall af landsframleiðslu á kjörtímabilinu.

# Frumtekjur og frumgjöld ríkissjóðs 2004-2014*




*** Án óreglulegra liða. Einnig hefur verið leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.**

2014

# Heildarjöfnuður ríkissjóðs með og án óreglulegra liða 2010-2014*




2014

* Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

# Afkoma ríkissjóðs 2004-2017*




* Óreglulegir liðir undanskildir

2014

## Niðurstaða

- Ríkissjóður verður hallalaus árið 2014 í fyrsta sinn í sex ár.
  - Markvissar aðhaldsaðgerðir.
  - Breiðari skattstofnar, bankaskattur hækkar.
  - Lækkun skatta á fólk og fyrirtæki.
  - Aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna.
  - Hærri bótagreiðslur lífeyrisþega.

2014

## Vefsetur: fjarlog.is

**Minnt er á að halda trúnað um fjárlagafrumvarpið þar til það hefur verið lagt fyrir Alþingi kl. 16**

Fjárlagafrumvarpið og tengd gögn er að finna á fjárlagavefnum **fjarlog.is**

2014

# I.
# Efnahagshorfur

2014

# Efnahagsforsendur frumvarpsins

- Hagvöxtur **2,7%**
- Verðlag hækkar um **3%**
- Atvinnuleysi **4,5%**
- Viðskiptajöfnuður **-3,5%** af VLF
- Kaupmáttur launa eykst um **2,6%**

*Spá Hagstofu Íslands frá júní 2013*

2014

# Þróun krónunnar: GVT, EUR og USD




*Meðalgengi áranna 2004-2013*
*Heimild: Seðlabanki Íslands*

2014

# Hagvöxtur




*Heimild: Hagstofa Íslands*

# Kaupmáttur launa




*Heimild: Hagstofa Íslands*

2014

# Verðbólga




*Heimild: Hagstofa Íslands*

2014

# Atvinnuleysi




*Heimild: Hagstofa Íslands*

# II.
# Afkoman 2014

2014

# Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2014

- Forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir afgangi á heildarjöfnuði í fyrsta sinn síðan árið 2007.
- Áætlað er að **0,5 mia.kr.** afgangur verði á heildarjöfnuði árið 2014 samanborið við **31,1 mia.kr.** halla á heildarjöfnuði í áætlun ársins 2013.
- Séu óreglulegir liðir undanskildir er heildarjöfnuðurinn jákvæður sem nemur **21,6 mia.kr.**

2014

# Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2014

- Gert er ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður um **55,9 mia.kr.**, sem er **4,3 mia.kr.** lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

- Handbært fé frá rekstri verður neikvætt um **10,6 mia.kr.** samanborið við **25,1 mia.kr.** í frjárlögum 2013.

2014

# Frumjöfnuður ríkissjóðs með og án óreglulegra liða 2010-2014*




* Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2014

# Heildar- og frumjöfnuður ríkissjóðs

| Í milljörðum króna<br>á verðlagi hvers árs | Reikningur<br>2012 | Fjárlög<br>2013 | Áætlun<br>2013 | Frumvarp<br>2014 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur ........................................................ | 525,9 | 579,4 | 555,6 | 587,6 |
| Gjöld .......................................................... | 561,7 | 583,0 | 586,7 | 587,1 |
| Heildarjöfnuður .......................................... | -35,8 | -3,6 | -31,1 | 0,5 |
| **Heildarjöfnuður, hlutfall af VLF (%) .....** | **-2,1** | **-0,2** | **-1,7** | **0,0** |
| Frumtekjur ................................................. | 504,1 | 558,6 | 535,5 | 567,1 |
| Frumgjöld ................................................... | 486,1 | 498,4 | 509,6 | 511,1 |
| Frumjöfnuður ............................................. | 18,0 | 60,2 | 25,9 | 55,9 |
| **Frumjöfnuður, hlutfall af VLF (%) ........** | **1,1** | **3,4** | **1,5** | **2,9** |

# Heildarskuldir og hrein staða ríkissjóðs




2014

# III.
# Gjaldahliðin 2014

2014

# Helstu útgjaldabreytingar frá áætlun 2013

- Frumgjöld eru áætluð **511 mia.kr.** í frumvarpinu og hækka um **1,5 mia.kr.** frá áætlun 2013 m.v. verðlag hvers árs.
- Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð **587,1** mia.kr. og hækka um **0,4 mia.kr.** frá áætlun 2013.
- Að frátöldum launa-, gengis- og verðlags-hækkunum 2014 lækka frumútgjöld um **9,1 mia.kr.** frá áætlun 2013.

# Aðhaldsráðstafanir 2014

- Alls er áætlað að veltutengd aðhaldsmarkmið skili **3,6 mia.kr.** lækkun útgjalda á árinu 2014.
- Til viðbótar er áætlað að sértækar aðhaldsaðgerðir muni lækka útgjöld um **2,6 mia.kr.** auk þess sem fallið er frá nýlegum eða óhöfnum verkefnum fyrir samtals **5,8 mia.kr.** Samanlagt er áætlað að ráðstafanir frumvarpsins skili **12 mia.kr.** lækkun útgjalda á árinu 2014.



2014

# Aðhaldsaðgerðir eftir hagrænni skiptingu*

| Í milljónum króna | Lækkun m.kr | Heildar-velta | Lækkun % |
|---|---|---|---|
| Rekstur ..................................................... | -3.128 | 220.144 | -1,4% |
| Tilfærslur ..................................................... | -4.856 | 229.459 | -2,1% |
| Viðhald og stofnkostnaður ........................... | -3.983 | 27.785 | -14,3% |
| **Samtals ......................................................** | **-11.968** | **477.389** | **-2,5%** |

*** Breytingar frá veltu fjárlaga 2013 án vaxtagjalda og óreglulegra liða. Lækkun á viðhaldi og stofnkostnaði má helst rekja þess að fallið er frá nýlegum verkefnum sem flest falla undir fjárfestingaáætlun 2013 til 2015.**

# Aðhaldsaðgerðir eftir málaflokkum*

| Í milljónum króna | Lækkun m.kr | Heildar- velta | Lækkun % |
|---|---|---|---|
| Samgöngu-, efnhags- og atvinnumál ............... | -637 | 88.958 | -0,7% |
| Heilbrigðismál ............................................... | -1.143 | 126.075 | -0,9% |
| Almannatryggingar og velferðarmál ............... | -334 | 127.750 | -0,3% |
| Menntamál ..................................................... | -670 | 54.406 | -1,2% |
| Æðsta stjórnsýsla .......................................... | -395 | 32.356 | -1,2% |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál .............. | -207 | 23.939 | -0,9% |
| Menningar-, íþrótta- og trúmál ...................... | -162 | 17.833 | -0,9% |
| Húsnæðis-, skipulags- og veitumál ................ | -36 | 6.072 | -0,6% |
| **Samtals veltut. aðhaldsráðstafanir ...........** | **-3.583** | **477.389** | **-0,8%** |
| Sértækar aðhaldsaðgerðir ............................... | -2.595 | 477.389 | -0,5% |
| Fallið frá nýlegum verkefnum ........................ | -5.790 | 477.389 | -1,2% |
| **Samtals ........................................................** | **-11.968** | **477.389** | **-2,5%** |

*** Breytingar frá veltu fjárlaga 2013 án vaxtagjalda og óreglulegra liða**

# Útgjaldabreytingar*

| | Milljarðar kr. |
|---|---|
| Aðhaldsaðgerðir | -12,0 |
| Breyttar útgjaldaskuldbindingar | 14,1 |
| Launa-, gengis- og verðlagsbr. 2014 | 10,6 |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | -8,7 |
| **Samtals** | **4,1** |

*** Breytingar frá fjárlögum 2013**

2014

# Heildarútgjöld fara lækkandi*




* Óreglulegir liðir undanskildir. Leiðrétt hefur verið fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

2014

# Þróun frumútgjalda á föstu verðlagi*




*** Á verðlagi 2014 án vaxtagjalda og óreglulegra liða. Leiðrétt hefur verið fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.**

# Vaxtagjöld á verðlagi hvers árs




2014

# Útgjöld vegna velferðarmála 2005-2014




2014

# IV.
# Tekjuhliðin 2014

# Helstu tekjubreytingar frá áætlun 2013

- Frumtekjur eru áætlaðar **567,1 mia.kr.** og aukast um **31,5 mia.kr.** frá áætlun 2013.
- Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar **587,6 mia.kr.** og aukast um **31,9 ma.kr.** frá áætlun 2013.

2014

# Breyting tekna frá áætlun 2013




2014

# Sértækar tekjuaðgerðir árið 2014

| Í milljörðum króna | mia.kr. |
|---|---|
| Bankaskattur hækkaður og stofn breikkaður (þrotabú) ................... | 14,3 |
| Almennur fjársýsluskattur lækkaður í 4,5% ...................................... | -1,1 |
| Tryggingagjald lækkar um 0,1 prósentustig ...................................... | -1,0 |
| Tekjuskattur einstaklinga, miðþrep lækkað í 25,0% .......................... | -5,0 |
| Frítekjumark vaxtatekna einstakl. hækkað í 125 þús. ........................ | |
| Virðisaukaskattur á bleiur lækkaður í neðra þrep .............................. | -0,2 |
| **Skattkerfisbreytingar 2014 alls ......................................................** | **6,9** |

2014

# Þróun samsetningar skatttekna




2014